

16. jan. 1 verzlun, um eftirlit tollmanna til varnar við útflutningi innlands og erlends gjaldmiðils og til tryggingar því, að íslensk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

5. gr.

Hver sá, er innflutningsleyfi fær, greiði Viðskiptaráði $\frac{1}{2}\%$ af upphæð þeirri, sem leyfi hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert einstakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af Viðskiptaráði og framkvæmd þessara laga.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, þar á meðal skilyrðum um leyfi, er Viðskiptaráð setur, varða sektum allt að 100000 kr. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað, má og svipta sökunaut með dómi rétti til verzlunar. Upptaka eignar samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

7. gr.

Mál út af brotum samkvæmt 6. gr. fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi númerin lög nr. 99/1941, svo og önnur ákvæði, sem fara í bág við lög þessi.

Lög þessi falla úr gildi í síðasta lagi sex mánuðum eftir að núverandi Evrópu-styrjöld er lokið.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal starfa þangað til Viðskiptaráð hefur tekið við þeim störfum, sem nefndin hefur nú.

Gjört á Bessastöðum, 16. janúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

2

13. febr.

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1943.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi ársins 1943 skal koma saman innan 4 daga eftir að aukalaginu, er hófst í nóvember 1942, hefur verið slitið, þó eigi síðar en 15. apríl 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.